



# Húsnæðisvernd Íslandsbanka

Vátryggingarskilmálar nr. LI51



#### Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. LI51
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

#### Efnisyfirlit:

1. Váttryggður
2. Réttahafar
2. Váttryggingin gildir
3. Upphaf og lok ábyrgðar
4. Tvíttrygging
5. Réttur til að viðhalda líftryggingu
6. Bótasvið
7. Váttryggingarfjárhæð
8. Upplýsingaskylda við gerð váttryggingarsamnings
9. Skyldur váttryggingartaka
10. Útreikningur iðgjalds
11. Greiðsla iðgjalds
12. Endugreiðsla iðgjalds
13. Skuldajöfnun
14. Uppsögn á váttryggingartímabili
15. Tilkygning um váttryggingaratburð
16. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta
17. Svíksamleg háttsemi
18. Krafa um bætur
19. Vextir af bótafjárhæð
20. Breyting á skilmálum á váttryggingartímabili
21. Fyrning
22. Endurkaup
23. Veðsetning
24. Framsal
25. Tilkygning um aðseturskipti
26. Gjaldmiðill
27. Meðferð ágreiningsmála
28. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga
29. Varnarþing



## Inngangur

Líftrygging þessi er hóplíftrygging vegna veðlána, byggð á samningi Íslandsbanka (váttryggingartaki) við Líftryggingafélag Íslands hf. (hér eftir nefnt félagið).

## 1. Váttryggður

---

Váttryggður er sá sem hefur undirritað umsókn um Húsnæðisvernd Íslandsbanka.

## 2. Réttthafar

---

- 2.1 Réttthafi bóta er váttryggingartaki (Íslandsbanki), enda skal líftryggingarfjárhæðinni ráðstafað til uppgreiðslu eða lækkunar á höfuðstól þess veðláns sem váttryggingartaki hefur veitt váttryggðum, sbr. tilgreint/tilgreind lánsnúmer í umsókn um Húsnæðisvernd Íslandsbanka, eða síðar til kominna veðlána sem váttryggðum er veitt af Íslandsbanka til endurfjármögnunar á upphaflegu veðláni sem váttryggingin var tekin vegna.
- 2.2 Verði líftryggingarfjárhæðin á tjónsdegi hærri en höfuðstóll veðláns sem greiða skal inn á, ásamt vöxtum og verðbótum, eru lögerfingjar váttryggðs réttthafar þess mismunar sem kann að verða á líftryggingarfjárhæðinni og höfuðstóli veðlánsins ásamt vöxtum og verðbótum.

## 3. Váttryggingin gildir

---

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

## 4. Upphaf og lok ábyrgðar

---

- 4.1 Váttryggingin tekur gildi vegna hvers váttryggðs kl. 0.00 daginn eftir að hann hefur undirritað skriflega umsókn um Húsnæðisvernd Íslandsbanka.
  - 4.1.1 Váttryggingin tekur þó aldrei gildi fyrir en kl. 0.00 daginn eftir útgreiðsludag veðláns hjá Íslandsbanka.
- 4.2 Váttryggingin gildir til kl. 24.00 þann dag sem tilgreindur er sem lokadagur í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, eða þann dag sem váttryggingu lýkur, ef það er fyrir upphaflega ákveðinn lokadag, nema um annað sé samið.
- 4.3 Ef váttryggður greiðir upp veðlánið sem váttryggingin er tekin vegna eða annar aðili tekur yfir veðlánið, fellur váttryggingin niður 14 dögum eftir að félagið eða váttryggingartaki sendir váttryggðum skriflega tilkynningu um niðurfellinguna eða tveimur mánuðum ef skrifleg tilkynning hefur ekki verið send sbr. 131. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.
  - 4.3.1 Váttrygging fellur ekki niður sé annað veðlán veitt af Íslandsbanka til endurfjármögnunar á upphaflegu veðláni sem váttryggingin var tekin vegna.
- 4.4 Ef váttryggður greiðir upp veðlánið sem váttryggingin er tekin vegna, enda sé ekki annað veðlán veitt af Íslandsbanka til endurfjármögnunar fyrra veðláns, eða annar aðili tekur yfir veðlánið, fellur váttryggingin niður 14 dögum eftir að váttryggingataki sendir váttryggðum skriflega tilkynningu um niðurfellinguna eða tveimur mánuðum eftir að váttryggður greiddi upp veðlánið eða annar yfirtók það, ef skrifleg tilkynning hefur ekki verið send sbr. 131. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.
- 4.5 Ef váttryggingunni er sagt upp, hún ekki endurnýjuð eða fellur úr gildi vegna vanskila váttryggingartaka, fellur hún úr gildi gagnvart váttryggðum einum mánuði eftir að félagið eða váttryggingartaki sendi tilkynningu til váttryggðs um brottfall hennar.
- 4.6 Váttryggingin fellur úr gildi þegar váttryggður nær 70 ára aldri.



## 5. Réttur til að viðhalda líftryggingu

---

- 5.1 Þegar hóplíftryggingu lýkur eða váttryggður hættir í hóp sem váttryggingin tekur til, af annarri ástæðu en vegna aldurs, hefur hann rétt til þess að halda líftryggingunni áfram með einstaklingsbundnum iðgjaldaútreikningi í samræmi við 132. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.
- 5.1.1 Váttryggðum skal með skriflegum eða öðrum fullnægjandi hætti tilkynnt um rétt sinn skv. grein 5.1.
- 5.2 Vilji váttryggður nýta sér þennan rétt skal hann gera það innan þriggja mánaða eftir að ábyrgð félagsins fellur niður samkvæmt hóp váttryggingunni.

## 6. Bótasvið

---

- 6.1 Félagið greiðir bætur vegna andláts váttryggðs.
- 6.2 Hafi váttryggður framið sjálfsvíg ber félagið ábyrgð ef meira en ár hefur liðið frá því að ábyrgð þess hófst eða telja má sannað að váttryggingin hafi verið tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga.

## 7. Váttryggingarfjárhæð

---

- 7.1 Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Váttryggingarfjárhæðin hækkar 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingu á vísitölu neysliverðs. Lækki vísitala neysliverðs hefur það ekki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæð.

## 8. Upplýsingaskylda við gerð váttryggingarsamnings

---

- 8.1 Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir við gerð váttryggingarsamnings. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.
- 8.2 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína ber félagið ekki ábyrgð.
- 8.3 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta.

## 9. Skyldur váttryggingartaka

---

- 9.1 Váttryggingartaki skal halda skrá yfir váttryggða sem falla undir váttrygginguna.
- 9.2 Váttryggingartaki skal sjá til þess án ástæðulauss dráttar að váttryggðir fái afrit af váttryggingarskírteini og skilmálum þessum.
- 9.3 Váttryggingartaki skal senda váttryggðum sem falla undir váttrygginguna skriflega tilkynningu um brottfall váttryggingar um leið og váttryggður fellur ekki lengur undir váttryggingaverndina.
- 9.4 Greinar 9.1 til 9.3 gilda nema annað komi fram í samningi váttryggingartaka við félagið.

## 10. Útreikningur iðgjalds

---

- 10.1 Iðgjald váttryggingarinnar ákvarðast af aldri váttryggðs.
- 10.2 Iðgjald váttryggingarinnar breytist við endurnýjun í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs.

## 11. Greiðsla iðgjalds

---

- 11.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 11.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 96. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 11.3 Hafi ábyrgð félagsins fallið niður vegna vanskila eftir að iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið minnsta má endurvekja váttrygginguna sem hreina áhættulíftryggingu án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vangaldið iðgjald er greitt innan þriggja mánaða frá því að váttryggingin féll niður.



## 12. Endurgreiðsla iðgjalds

---

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem iðgjald hefur verið greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða dánarbætur.

## 13. Skuldajöfnun

---

Félagið hefur heimild til að skuldajafna vangoldnu iðgjaldi gegn váttryggingarbótum sem því ber að greiða, sbr. 122. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 14. Uppsögn á váttryggingartímabili

---

- 14.1 Félagið getur sagt upp váttryggingunni:
  - 14.1.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
  - 14.1.2 Fyrirvalaust ef váttryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um váttryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 14.2 Félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sem það hefur gert við váttryggingartaka ef hann hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína.
- 14.3 Váttryggingartaki getur slitið váttryggingarsamningi hvenær sem er með skriflegri uppsögn.

## 15. Tilkynning um váttryggingaratburð

---

Þegar váttryggingaratburður hefur orðið skal réttthafi skýra félaginu frá því án ástæðulauss dráttar.

## 16. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta

---

- 16.1 Við uppgjör bóta skal váttryggður eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.
- 16.2 Ef váttryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu, veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar. Við sérstakar aðstæður getur váttryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu þó átt rétt til bóta að hluta, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 17. Sviksamleg háttsemi

---

Sá sem viðhefur sviksamlega háttsemi gagnvart félaginu missir allan rétt samkvæmt váttryggingarsamningi. Sé um fleiri váttryggingarsamninga að ræða getur hann einnig misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama váttryggingaratburðar, sbr. 83. og 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 18. Krafa um bætur

---

Váttryggður, eða sá sem á rétt til bóta, getur krafist greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og ákveða fjárhæð bótanna, sbr. 121. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 19. Vextir af bótafjárhæð

---

Réttur til vaxta af bótafjárhæð er í samræmi við ákvæði 123. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



## 20. Breyting á skilmálum á váttryggingartímabili

---

Félaginu er heimilt að breyta skilmálum þessum og iðgjaldi váttryggingarinnar á váttryggingartímabili, sbr. 133. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 21. Fyrning

---

Krafa um váttryggingarfjárhæð fyrnist á 10 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburður varð.

## 22. Endurkaup

---

Váttrygging þessi hefur ekki endurkaupsverð.

## 23. Veðsetning

---

Óheimilt er að veðsetja rétt samkvæmt hóplíftryggingu þessari.

## 24. Framsal

---

Heimilt er að framselja réttindi samkvæmt váttryggingu þessari, sbr. 138. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Framsalið ber að tilkynna félaginu sem skráir það í líftryggingaskrá.

## 25. Tilkynning um aðseturskipti

---

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flyst búferlum.

## 26. Gjaldmiðill

---

Allar fjárhæðir er varða váttryggingarsamning þennan eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða um sé samið sérstaklega.

## 27. Meðferð ágreiningsmála

---

- 27.1 Heimilt er að leggja ágreining við félagið fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum skv. lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 27.2 Úrskurðum Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum má skjóta til dómstóla.

## 28. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

---

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Starfsfólk félagsins er bundið þagnar- og trúnaðarskyldu við hvers konar vinnslu persónuupplýsinga og öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum settum samkvæmt þeim. Í reglum um vinnslu persónuupplýsinga á heimasíðu félagsins, vis.is er að finna nánari upplýsingar um vinnsluna, þ.á.m. um það hvaða persónuupplýsingum félagið safnar, í hvaða tilgangi og á grundvelli hvaða heimilda, hversu lengi upplýsingarnar eru varðveittar og hvaða réttindi viðskiptavinir hafa varðandi vinnslu VÍS á slíkum upplýsingum.

## 29. Varnarþing

---

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa út af váttryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

Váttryggjandi er Líftryggingafélag Íslands hf.